

S k ý r s l a

62

um aðalfund amtsráðsins í suðuramtinu 7.—9. júní 1887.

Ár 1887, 7.—9. dag júnímánaðar, átti amtsráðið í suðuramtinu fund með sjer á skrifstofu amtmannsins. Á fundinum voru: amtmáðurinn í suðuramtinu, aðalamtsráðsmaður Skúli prófastur Gíslason og varaamtsráðsmaður Ísleifur prestur Gíslason.

Þessi málefni komu þar til umræðu:

1. Forseti lagði fram reikning um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðs suðuramtsins fyrir árið 1886. Reikningurinn var yfirfarinn, og var ekkert að athuga við hann.
2. Forseti lagði fram reikning yfir búnaðarskólagjaldið í suðuramtinu fyrir árið 1886; var hann yfirfarinn og fannst ekkert athugavert við hann.
3. Forseti lagði fram leiguliðasjóðsreikning suðuramtsins fyrir árið 1886; var hann einnig yfirfarinn, og fannst ekkert athugavert við hann.
4. Forseti lagði fram eptirfylgjandi sýslusjóðsreikninga:

- a. Reikning fyrir Vestur-Skaptafellssýslu fyrir árið 1885.

Amtsráðið athugar, að oddviti hafi reiknað sjer dagpeninga, að upphæð 6 kr., fyrir setu á tveimur sýslufundum, höldnum á heimili hans, en það komi í bága við fyrirmæli sveitarstjórnarlaganna 33. gr. Einnig finnur amtsráðið ástæðu til, að brýna fyrir reikningshaldara, að láta ekki optar koma fyrir, að reikningurinn sje saminn og dagsettur 2 árum eptir að vera átti.

- b. Reikning fyrir sömu sýslu fyrir árið 1886.

Amtsráðið athugar hið sama við þennan reikning, sem við reikninginn fyrir 1885, um dagpeninga oddvita fyrir setu á sýslufundum heima hjá sjer, og er um sömu upphæð að ræða í þessum reikningi. Einnig áminnir amtsráðið reikningshaldara um, að sjá um, að greinilegri kvittanir fylgi framvegis sýsluvegareikningnum, en á sjer stað við þennan, þarsem aðalkvittanir og undirkvittanir fylgja hjer í því samblandi, að ekki er unnt að rannsaka reikninginn eptir þeim.

- c. Reikning fyrir Austur-Skaptafellssýslu fyrir árið 1886.

Við þennan reikning athugar amtsráðið hið sama, sem við næsta reikning á undan, um kvittanir með sýsluvegareikningnum.

- d. Reikning fyrir Rangárvallasýslu fyrir árið 1886.

Við þennan reikning fannst ekkert athugavert, og var hann því samþykktur með athugasemdum endurskoðunarmanns.

- e. Reikning fyrir Vestmannaeyjasýslu fyrir árið 1886.

Við þennan reikning athugast, að bæði vantar skýrslu um, á hverju að niðurfjöfnunin á sýsluna er byggð, og svo lista yfir verkfæra menn. Sömuleiðis vantar gjörsamlega skýrslu um, hvað unnið hefir verið að vegabótum og skóðunargjörð á vinnunni.

- f. Reikning fyrir sömu sýslu fyrir árið 1885.

Um þann reikning gilda að öllu leyti hinar sömu athugasemdir, sem gjörðar eru við reikninginn fyrir árið 1886.

- g. Reikning fyrir Gullbringu- og Kjósarsýslu fyrir árið 1885.

Við þennan reikning athugast það eitt, að fylgiskjal vantar um, á hverju niðurfjöfnunin á sýsluna er byggð.

23. dag júnímán. 1887.

62

h. Reikning fyrir Borgarfjarðarsýslu fyrir árið 1884.

Þessi reikningur hafði verið endursendur fyrra ár, þarsem endurskoðunarmaður hafði skorazt undan að endurskoða hann; hafði reikningurinn nú verið endurskoðaður og reikningshaldari fallizt á athugasemdir hans; samþykkti amtsráðið nú reikninginn með þeim athugasemdum, er við hann höfðu verið gjörðar.

i. Reikning fyrir sömu sýslu fyrir árið 1885.

Þessi reikningur er sömuleiðis samþykktur með þeim athugasemdum, er við hann höfðu verið gjörðar af endurskoðunarmanni, og sem allar höfðu verið samþykktar af reikningshaldara.

Reikningar frá Borgarfjarðarsýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu og Árnessýslu fyrir árið 1886 voru ekki komnir til forseta, og urðu því ekki úrskurðaðir.

5. Forseti lagði fram eptirrit þau, er nú skal greina, af fundarbókum sýslunefndanna:

a. Rangárvallasýslu: fundargjörðir 12. og 13. oktbr. 1886, og 28. apríl þ. á., og fannst ekkert að athuga við þær.

b. Árnessýslu: fundargjörðir 30. sept. 1886 og 25.—28. apríl þ. á., og fannst ekki heldur neitt athugavert við þær.

c. Borgarfjarðarsýslu: fundargjörðir 9. júlí 1886, 6. nóvbr. 1886, 31. marz og 22. apríl þ. á., og var ekkert athugavert við þær.

d. Gullbringu- og Kjósarsýslu: fundargjörðir 12. oktbr. 1886. Amtsráðið felur oddvita, að gjöra fyrirspurn um, í hvaða skólanefnd að kosinn hafi verið maður (10. tölul. í fundargjörðunum), þarsem því er ekki kunnugt að neinn sýsluskóli sje í þessari sýslu.

Fundargjörðir sömu sýslu 4. maí þ. á., og var ekkert athugavert við þær.

e. Vestmannaeyjasýslu: fundargjörðir 26. nóvbr. 1886. Við þær athugast, að þótt þess sje getið, að áætlun um tekjur og gjöld sýslusjóðsins hafi verið samin, þá er áætlunin ekki innfærð í fundargjörðirnar, og ber þess að gæta framvegis.

Fundargjörðir sömu sýslu 14. jan. þ. á. Amtsráðinu virðist, að málefni það, sem komið hefir til umræðu á þessum fundi, um leigu á barnaskólahúsi, sje sýslunefndinni með öllu óviðkomandi.

Fundargjörðir sömu sýslu 7. marz þ. á. Við þær fannst ekkert athugavert.

6. Amtsráðið veitti samþykki sitt til fjárveitingar þeirrar, að upphæð 1500 kr., til að afstýra hallæri í Vatnsleysustrandarhreppi, er landshöfðingi hafði veitt með brjefi 2. nóvbr. f. á. uppá væntanlegt samþykki amtsráðsins.

7. Forseti lagði fram erindi frá Jóni söðlara Jónssyni í Hlíðarendakoti, dags. 1. þ. m., þarsem hann fer þess á leit, að amtsráðið gjöri ráðstafanir til, að prentuð verði ritgjörð eptir hann um ráð til afstýra manntjóni af skiptöpum hjer sunnanlands, og fylgdi ritgjörðin með. Þarsem amtsráðið ekki þóttist hafa næga þekkingu á siglingum og öðru, er ritgjörðin ræðir um, til þess að geta dæmt um gildi hennar, fól það oddvita að leggja hana undir álit sýslunefndarinnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sem líkindi eru til, að hafi bezta þekkingu á þessu málefni, og skora á hana, að skýra frá á sínum tíma, hvort hún telji hana þess verða, að verða prentuð, og jafnframt, ef hún sæi sjer fært, að koma fram með sínar eigin tillögur í þessu efni.

8. Amtsráðið veitti samþykki sitt til þess, að konunni Margrjeti Jónsdóttur á Stóru-

Hildisey í Rangárvallasýslu verði veitt eitt skipti fyrir öll 20 kr. þóknun fyrir framkvæmdir hennar sem yfirsetukonu í Austur-Landeyjahreppi, eptir beiðni sýslunefndarinnar í Rángárvallasýslu.

9. Forseti lagði fram brjef sýslumannsins í Rángárvallasýslu til stiptyfirvaldanna, dags. 28. febr. þ. á., þarsem beiðzt er tilhlutunar þeirra um, að heyrnar- og málleysingja Jóni Jónssyni á Sauðsvelli, fæddum 9. marz 1868, verði komið fyrir til kennslu hjá Páli presti Pálssyni í Þingmúla. Forseti bað fyrir hönd stiptyfirvaldanna um samþykki amtsráðsins til þess, að kostnaður hjeraffleiðandi verði borgaður af jafnaðarsjóði suðuramtsins, og veitti amtsráðið það, og fól forseta að gjöra nauðsynlegar ráðstafanir hjeraðlútandi.
10. Þá lagði forseti fram bænarskár um meðmæli amtsráðsins með styrk landshöfðingja til umbóta á sýslu- og póstvegum:
 - a. Frá Rangárvallasýslu um 400—500 kr. styrk til vegabóta á póstvegi um svo nefnda »Krossbót« í Austur-Landeyjum, og fól amtsráðið forseta að senda þá bænarskrá til landshöfðingja með meðmælum sínum.
 - b. Kæru frá 1 hreppi í Rangárvallasýslu og 1 úr Árnessýslu yfir því, að vegurinn frá »Sýslusteinum« (takmörkum Árnes- og Gullbringusýslu) til Keflavíkur, sje að mestu leyti ófær og umhirdulaus. Amtsráðið fól forseta, að skora á sýslunefnd Gullbringu og Kjósarsýslu, að sjá um, að þessi vegur verði sem fyrst gjörður fær, þarsem hann er mjög tíðnotaður til skreidarflutninga af mönnum austan fjalls.
 - c. Tilmæli sýslunefndarinnar í Árnessýslu um, að einn af þeim verkfærustu mönnum, er í fyrra unnu undir umsjón Hovdenaks vegfræðings, fáist til að standa fyrir vegagjörð á póstveginum í Hraungerðishreppi í ár, svo framarlega sem styrkur fáist til þessa vegar af landssjóði. Amtsráðið fól forseta sínum að beina þessum tilmælum til landshöfðingja með beztu meðmælum sínum.
 - d. Bænarskrá frá sýslunefndinni í sömu sýslu um meðmæli amtsráðsins með því, að landshöfðingi veiti allt að 1000 kr. til aðgjörðar og viðauka á aðal-póstleiðum í Árnessýslu í ár. Amtsráðið felur sömuleiðis forseta, að senda þessa bænarskrá til landshöfðingja með þeim tilmælum, að hann veiti þetta fje, eða svo mikið af því, sem hann sjái sjer fært.
11. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, dags. 24. febr. þ. á., þarsem hann skorar á amtsráðið, að koma fram með tillögur sínar um, hvernig verja skuli styrk þeim úr landssjóði, sem landshöfðingi hefir til umræða til eflingar búnaði. Amtsráðið gjörir ráð fyrir, að upphæð sú, sem það á að gjöra uppástungur um, sje 3533 kr. 33 a. Tillögur amtsráðsins eru þessar:
 - a. Til að veita vatni yfir sandinn milli Skaptár og Geirlandsár á Síðu, í því skyni, að hepta sandfok, veitist kr. 400,00
 - b. Eptir tilmælum Jóns kaupmanns Árnasonar í Þorlákshöfn mælir amtsráðið sem bezt með beiðni frá honum til landshöfðingja, dags. 4. júní þ. á., um að sá 700 kr. styrkur, sem veittur var 20. ágúst 1885, til að gjöra 3. lendingu í Þorlákshöfn, megi flytjast yfir á umbætur þær, sem síðan hafa verið gjörðar á þeim 2 lendingum, sem til voru áður, með því að nefndur kaupmaður hefir lofað, að

	Flyt kr. 400,00
--	-----------------

- halda örugglega áfram viðleitni sinni á að gjöra hina þriðju lendum.
- e. Með brjefi landshöfðingja, dags. 1. apríl þ. á., er beðið um tillögur amtsráðsins um bænarskrá frá Þorvaldi alþingismanni Björnssyni í Núpakoti um »þó ekki væri nema svo sem 2000 kr.« til jarðabóta og húsa-bygginga og-flutnings á ábýlisjörð hans. Amtsráðið heldur enn fram sömu skoðun og það ljet í ljósi á vorfundi f. á., að óheppilegt sje, að verja fje því, er ætlað er til eflingar búnaði, og landshöfðingi hefir umráð yfir, til styrktar einstökum mönnum til umbóta á ábúðar- eða eignarjörðum þeirra, og sjer sjer því ekki fært að mæla með þessari bænarskrá.
- d. Forseti lagði fram brjef landshöfðingja, dags. 7. júní þ. á., þarsem beðið er um álit amtsráðsins um beiðni búnaðarfjelags suðuramtsins um allt að 2000 kr. styrk. Amtsráðið mælir með að veittar sjeu
- | | |
|--|-----------|
| e. Til Guðmundar hreppstjóra Ísleifssonar á Stóru-Háeyri til framhalds á varnargarði fyrir sjávarágangi á Háeyrarhverfi og land þar fyrir ofan | — 1000,00 |
| f. Til búnaðarfjelags Grímsnesshrepps | — 150,00 |
| g. — búnaðarfjelags Hrunamannahrepps | — 100,00 |
| h. — framhalds á jarðabótum í Safarmýri | — 233,33 |
- og ætlar amtsráðið, að þessi upphæð muni því fremur nægja, þarsem verkstjóranum eru ætluð 400 kr. laun af sýslusjóði, en líkindi eru til, að vinna hans verði ekki svo mjög notuð af einstökum mönnum, að hann ekki jafnframt hafi tíma til, að hafa umsjón með þessari vinnu.
- i. Landshöfðingi hafði með brjefi, dags. 31. maí þ. á., sent amtsráðinu til álita beiðni frá Eyjólfí bónda Runólfssyni, fyrir hönd búnaðarfjelags í Borgarhafnarhreppi í Austur-Skaptafellssýslu, um styrk til verkfærakaupa handa fjelaginu. Amtsráðið mælir með því, að í þessu skyni sjeu veittar — 50,00
- j. Til jarðræktarfjelags Mosfells- og Kjalarnesshreppa — 100,00
- k. Lögð var fram bænarskrá frá Sigurði bónda Ingjaldssyni á Hrólfs-skála og Kristni bónda Magnússyni í Engey um allt að 500 króna styrk, til að breyta farvegi á Sandsá, í því skyni, að verja eignarjarðir þeirra, Ey, Eyjarhól og Sanda í Kjós, vatnságangi. Af sömu ástæðu, sem tekin er fram undir stafl. e. í þessum tölulíð, sjer amtsráðið sjer ekki fært að mæla með þessari fjárbón.
- l. Þá var lögð fram bænarskrá frá garðræktarfjelagi Vatnsleysustrandarhrepps um meðmæli amtsráðsins til að fá styrk af fje því, er ætlað er til eflingar búnaði. Amtsráðið sjer sjer ekki fært, að mæla með þessari fjárbón, þarsem þetta fjelag er nýstofnað, og ekki sjest, að neitt verk liggí eptir það enn; en skoðun amtsráðsins er sú, að fyrst þá geti verið spurning um slíka fjárveitingu, þegar skýrslur liggja fyrir um verk unnin af fjelaginu.

12. Forseti lagði fram brjef frá forstöðukonu kvennaskólans í Reykjavík, dags. 11. sept. f. á., sem fer þess á leit, að amtsráðið gjöri ýmsar breytingar á reglugjörð skólans. Amtsráðið fjellst á, að þessar breytingar sjeu gjörðar á reglugjörð skólans, samkvæmt vara-uppástungunum í nefndu brjefi:

að í skólanefndinni sjeu framvegis aðeins 3 konur, sem kosnar sjeu af forseta amtsráðsins til 3 ára;

að forseti amtsráðsins kjósi 1 karlmann og 1 konu til prófdómenda við vorpróf ár hvert;

að hinn sami útnefni árlega 2 endurskoðunarmenn á reikningum skólans, og

að, sömuleiðis vill amtsráðið leggja það til við forstöðunefndina, að forstöðukonan fái árlega til umráða allt að 20 kr. til að endurbæta »inventarium« skólans.

Ennfremur var fram lögð skýrsla um skólann, skýrsla um vorpróf í ár, og fylgdi þar með einkunna-tafla, reikningur yfir tekjur og gjöld skólans frá 1. sept. 1885 til 31. ágúst 1886, og fól amtsráðið forseta, að bera þann reikning saman við næsta reikning á undan. Þá var lögð fram beiðni forstöðunefndarinnar, dags. 2. júní p. á., um 200 kr. styrk úr jafnaðarsjóði suðuramtsins fyrir árið 1887, og samþykkti amtsráðið beiðnina. Þess skal getið, að breytingar þær á reglugjörðinni, sem nefndar eru hjer á undan, er ætlað til að komi í gildi frá byrjun næsta skólaárs.

13. Forseti skýrði frá, að hann, samkvæmt ákvörðun amtsráðsins á vorfundi f. á. (fundargjörðir tölul. 4.), hefði skrifað á við sýslunefndir í vesturamtinu, til að leita álits þeirra um, hvort ráðlegt væri að stofna búnaðarskóla á Hvanneyri, sameiginlegan fyrir suður- og vesturamtíð, og hefðu svör allra sýslunefnda þar farið í þá átt, að ráða frá því að svo stöddu, og voru brjef frá öllum oddvitum sýslunefndanna hjer að lútandi lögð fram.

Þá lagði forseti fram brjef landshöfðingja, dags. 28. febr. p. á., útaf vantandi vaxtagreiðslu og afborgun á lánum sýslunefndarinnar í Borgarfjarðarsýslu úr landsjóði útaf Hvanneyrarkaupunum, að upphæð 9000 kr. + 1200 kr. + 3000 kr., brjef suðuramtsins til sýslunefndarinnar í Borgarfjarðarsýslu, dags. 2. marz p. á., og brjef sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu til suðuramtsins, dags. 10. marz og 4. apríl p. á., öll snertandi sama málefni.

Ennfremur lagði forseti fram brjef sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, dags. 4. apríl p. á., þarsem hann skýrir frá, að sýslunefndin í Borgarfjarðarsýslu á fundi 6. nóvbr. f. á. hafi samþykkt, að biðja um lán úr landssjóði, að upphæð 2000 kr., í þeim tilgangi, að styrkja Svein búfræðing Sveinsson til að reisa bú á Hvanneyri á næstkomandi vori, og fer þess á leit, að amtmaðurinn fyrir hönd amtsráðsins veiti samþykki sitt til þessarar lántöku. Forseti skýrði frá, að hann ekki hafi viljað uppá eigin hönd veita leyfi til þessarar lántöku, og legði því beiðnina undir úrskurð amtsráðsins. Amtsráðið úrskurðaði, að samþykkja ekki þessa beiðni um lántöku, af þeim ástæðum, er nú skal greina:

1. Af því, að sýslunefndin ekki enn er búin að borga vexti og afborganir fyrir 2 næstliðin ár af lánum þeim úr landssjóði, er hún þegar hefur fengið eptir framanskriðuðu, þrátt fyrir ítrekaðar áskoranir, er virðist benda á, að fjárhagur sýslufjelagsins sje svo bágur, að það sje ekki fært um að bæta á sig nýjum lánum.
2. Af því, að sýslunefndin hefur ekki skýrt frá, að hún hafi fengið neina tryggingu hjá Sveini búfræðing Sveinssyni fyrir skilvísri endurborgun á þeim 2000 kr.,

62

sem hún vill útvega til láns úr landssjóði handa honum, en amtsráðið hins vegar ekki getur samþykkt, að sýslunefndir láni út fje sýslufjelaga án nægilegrar tryggingar fyrir skilvísri endurborgun.

3. Af því, að amtsráðinu er kunnugt, að Sveinn búfræðingur Sveinsson getur ekki nú sem stendur fullnægt því skilyrði, sem amtsráðið sjer af fundargjörðum sýslunefndarinnar, að hún hefir sett fyrir þessu láni sínu til hans.
14. Forseti lagði fram brjef frá hreppsnefndinni í Ölveshreppi, dags. 5. þ. m., þarsem hún beiðist þess, að sæluhúsverðinum á Kolviðarhóli, Jóni Jónssyni, verði, einsog að undanförmu, veittur 100 kr. styrkur úr jafnaðarsjóði, og að til viðgerðar á húsinu að utan verði veittar allt að 30 kr., og var hvorttveggja veitt.
15. Þarnæst var rædd og samin áætlun um tekjur og gjöld jafnaðarsjóðsins fyrir árið 1888, svolátandi:

	Tekjur.
1. Eptirstöðvar	kr. 2000,00
2. Niðurjöfnun	— 780,00
	<u>kr. 2780,00</u>
	Gjöld.
1. Til bólusetninga og annara heilbrigðisráðstafana	kr. 400,00
2. — ferðakostnaðar	— 200,00
3. — kennslu heyrnar- og málleysingja	— 300,00
4. — sáttamálefna	— 30,00
5. — kostnaðar við amtsráðið	— 150,00
6. Ýmisleg gjöld ,	— 700,00
7. Eptirstöðvar	— 1000,00
	<u>kr. 2780,00</u>

Síðan var fundarbókin lesin upp og fundi slitið 9. júní 1887.

E. Th. Jónassen.

63

4. maí. Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um sölu á skógaritaki Melakirkju. — Samkvæmt allraþegnlegustum tillögum ráðgjafans út af þóknanlegu brjefi yðar, herra landshöfðingi, dags. 26. febr. þ. á., hefir hans hátign konunginum þóknast 26. f. m. allramildilegast að fallast á, að ítak það, er Melakirkja í Saurbæjar- og Melaprestakalli í Borgarfjarðarprófastsdæmi á í Hafnarskógi og sem ræðir um í nefndu brjefi yðar, verði selt þórði bónda Þorsteinssyni á Leirá fyrir 300 kr., þannig, að kaupandi greiði af skógarparti þessum eptir kaupin tíund og önnur gjöld til hins opinbera, sem á bændaeignum hvíla.

Þetta er hjermeð þjónustusamlega tjáð yður, herra landshöfðingi, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

64

5. maí. Brjef ráðgjafans fyrir Ísland til landshöfðingja um heimild landshöfðingja til að ráða til lykta breytingum á sókna- og brauðaskipun. — Í þóknanlegu brjefi, dags. 17. marz þ. á., hafið þjer, herra landshöfðingi, skýrt mjer frá, að eptir ályktun, er samþykkt var í einu hljóði á safnaðafundum í öllum kirkjusóknum í Mosfells- og Klausturhóla prestaköllum, hafi yður verið send bænarskrá, er sje samkvæm uppástungu frá hjeraðsfundinum í Árnessprófastsdæmi, og sje þar farið fram á, að landshöfðinginn